

**Aðalfundur Veiðifélags Ólafsfjarðar haldinn í Tuggunni, Brimvöllum 2, Ólafsfirði
laugardaginn 12. júní 2021 kl. 14:00**

Aðilar að Veiðifélaginu, umboð og mæting.

Hlíð:

Burstabrekka:

Vatnsendi:	Sigurjón Magnússon
Lón:	Sigurbjörg Kristjánsdóttir, umboð
Kálfsá:	Sveinbjörn Þ Sveinbjörnsson
Kálfsárkot:	Sveinbjörn Þ Sveinbjörnsson, umboð
Hóll:	Andri V. Víglundsson
Þverá:	Sigurður Sigurðsson
Kvíabekkur:	Sigurður Sigurðsson
Hringverskot:	Þorvaldur Hreinsson
Þróddsstaðir:	Haraldur Marteinsson
Auðnir:	Þorsteinn Björnsson
Garður II:	Kristinn Kr. Ragnarsson

Fjallabyggð:

(Reykir, Hólkot, Hornbrekka, Skeggjabrekka, Ósbrekka, Garður I)

Hreppsendá: Þorsteinn Guðmundsson, umboð

Bakki: Eyþór Eyjólfsson, nettenging

Karlsstaðir: Eyþór Eyjólfsson, nettenging

Vermundarstaðir: Mikael Mikaelsson

1. Fundur settur

Formaður, Þorvaldur Hreinsson setti fund kl. 14:05

2. Kosning fundarstjóra

Stungið upp á Þorsteini Björnssyni - samþykktur.

3. Kosning fundarritara:

Stungið upp á Sveinbirni Þ Sveinbjörnssyni - samþykktur.

4. Skýrsla stjórnar.

Þorvaldur flutti skýrslu stjórnar – sjá skýrslu aftast í fundargerð.

5. Reikningar ársins 2020

Tekjur: 1.375.934,-

Gjöld 96.850,-

Fjárm.tekjur (- gjöld) 8.447,-

Hagnaður ársins: 1.287.531,-

Eignir [bankainnistæður]: 6.753.844,-

Skuldir: 13.000,-

6. Umræður um skýrslu og reikninga.

Fundarmenn samþykktu að fela stjórninni að afla gagna og senda endurkröfum vegna reiknings út af upptöku á brúarhræinu í ánni sem er í eigu bæjarfélagsins.

Skýrsla og reikningar samþykkt samhljóða.

7. Breytingar á samþykktum

Engar tillögur hafa borist.

8. Kosningar

- a. Stjórnarmenn:
 - i. Marteinn Haraldsson, ritari til 3ja ára
- b. Varamenn í stjórn:
 - i. Sigurbjörg Kristjánsdóttir
 - ii. Sigurður Sigurðsson
- c. Skoðunarmenn reikninga
 - i. Þorsteinn Björnsson
 - ii. Helga Jónsdóttir
 - iii. Eyþór Eyjólfsson, varamaður

Allir samþykktir

9. Fjárhagsáætlun

Sveinbjörn lagði fram fjárhagsáætun fyrir næsta ár og var hún samþykkt.

10. Önnur mál

- a. Veiðitilhögum
 - i. Breyta kvóta í 8 fiska á dag í hverja stöng.
Samþykkt samhljóða
 - ii. Leyfð veiði á flugu og maðk í ánni og vatninu þar til kvóta verður náð.
Eftir það má eingöngu veiða á flugu og veiði sleppt.
Samþykkt samhljóða
 - iii. Að ekki verði leyfð veiði í ánni eða netaveiði í Ólafsfjarðarvatni fyrir formlega opnun 15. júlí.
Samþykkt með meginþorra atkvæða
 - iv. Eingöngu má veiða á eina stöng fyrir landi hverrar jarðar á bændadögum.
Samþykkt með þorra atkvæða
 - v. Heildarkvóti í net verði 72 fiskar á sumri
Samþykkt samhljóða
 - vi. Gildi árin 2021 til 2023.
Samþykkt samhljóða
- b. Gerð verði tilraun með veiði á urriða (sjóbirtingi) í Fjárðará eftir að veiðitíma líkur 20. september.
- c. Aðalfundur felur stjórn að ræða við sveitafélagið um ástand í ósnum með lækkun fyrirstöðu í huga vegna hækunar vatns í Ólafsfjarðarvatni.
- d. Aðalfundur felur stjórninni að senda reikning vegna vinnu við að hreinsa upp úr Fjarðarár restar af brú í landi Þóroddsstaða og Kálfsár, sem V.Ó. greiddi 2020, þar sem bæjarráð Fjallabyggðar samþykkti að láta fjarlæga brúna á fundi sínum þann 10.01.17 og bæjarstjórn þann 11.01.17
- e. Tillaga um að greiddur verði út arður kr. 1.040.000,- *samþykkt samhljóða*.

11. Lestur fundargerðar

Fundargerð lesin og leiðrétt.

12. Fundi slitið

Þorvaldur þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn, Andra fyrir stjórnarsetuna, bauð Martein og Sigurð velkomna í stjórnina og sleit fundi kl. 15:50

Þeir sem mættu á fundinn kvittuðu við nafn þeirrar jarðar sem þeir mættu fyrir.

Fundargerð ritaði Sveinbjörn Þ. Sveinbjörnsson

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2020

Ágætu félagsmenn/veiðiréttarhafa og fulltrúar. Á síðasta aðalfundi var stjórninn falið að halda áfram við undirbúning framkvæmda við Fjarðará, þ.e. landvarnir og uppgröft vegna mikils framburðrar, sækja um þau leyfi sem þarf, leita tilboða og fara í framkvæmdir. Samkv. upplýsingum frá Fiskistofu vegna svona framkvæma þarf eftirfarandi svo þau geti afgreitt ósk um svona framkvæmd

1. Greinagóð lýsing á framkvæmd (og myndir ef við á)
2. Hnitsetja framkvæmdastaði
3. Umsögn sérfræðings vegna hugsanlegra áhrifa á lífríkið
4. Umsögn veiðifélags

Leyfi landeiganda þarf að liggja fyrir

Á síðast ári héldum við átta stjórnarfundi.

Einnig kom framað á aðalfundi 2020 að við vorum komnir í samband við sérfræðing hjá Hafransóknarstofnun. Við höfðum áður en að því kom, reynt mikið að fá annars vegar Bjarna Jónsson fiskifræðing, og hins vegar Erlend Steinar Friðriksson, sjávarútvegsfræðing BSc og auðlindafræðingur MSc til að taka þetta að sér. Um miðjan september höfðu þeir báðir samband og vildu endilega taka þetta verkefni að sér, sem við þáðu, ekki síst vegna þeir eru báðir eru staðsettir á Norðurlandi. Þeir mættu, hvor fyrir sig, hér í október og skoðuðu aðstæður vel og rækilega og ræddu um að skila skýrlsu fljótlega. Ekkert bólaði á skýrlsunum þrátt fyrir ítrekanir að hjálpu stjórnarmanna. Það fór þannig að við sendu bréf á Landgræðsluna dags 09.12.20, þar sem óskuðum eftir að fá að geyma styrk þann sem okkur hafði verið úthlutað til þessa árs. Svarið var jákvætt styrkurinn færist yfir á 2021. Í gær (11.06.21) barst okkur umsögn Erlends Steinars þannig að nú getum við farið að vinna í umsóknum m.a. til Fjallabyggðar og Fiskistofu. Við munum senda t-póst á fulltúra/landareigendur í næstu viku, þar sem við óskum eftir upplýsingum um hvar þeir telji að gera eigi fyrir viðkomandi jörð.

Á síðasta aðalfundi voru tvær tillögur og sendar á Fjallabyggð

Sú fyrri. Vegna brúrarar yfir Fjarðará milli Kálfsár og Þóroddstaða.
Niðurstaða bæjarráðs og bæjarstjórnar

“Lögð fram umsögn deildarstjóra tæknideildar, dags. 25.09.2020 í samræmi við ákvörðun 667. fundar bæjarráðs, vegna erindis stjórnar Veiðifélags Ólafsfjarðar um aðkomu sveitarfélagsins að byggingu göngubrúar yfir Fjarðará í landi Kálfsár og Þóroddssstaða.

Bæjarráð hafnar allri aðkomu að uppbyggingu göngubrúar þar sem göngubrúin kemur til með að standa í eignarlandi Kálfsár og Þóroddssstaða. Endurbygging og allt viðhald er á höndum landeiganda. Göngubrúin er ekki á skipulagðri gönguleið skv. aðalskipulagi Fjallabyggðar.“

Sú seinni. Vegna hækkað vatnsborðs Ólafsfjarðvatns
Niðurstaða bæjarráð og bæjarstjórnar

„Einnig lagt fram bréf sveitarfélagsins til Vegagerðarinnar, dags. 17.07.2020 vegna breytinga á ósi Ólafsfjarðarvatns.

Bæjarráð þakkar erindið og bendir á að nú þegar hefur verið óskað eftir viðræðum við Vegagerðina vegna breytinga á ós Ólafsfjarðarvatns. Vegagerðin hefur samþykkt að skoða málið.“

Í október barst okkur hugmyndir leigutaka að breyttu fyrirkomulagi vegna veiði í Fjarðará og Ólafsfjarðarvatni, með þeim rökum að vegna minkandi veiði í Fjarðará væri að ræða væri mikilvægt að gera breyingar á fyrirkomu lagi veiða.. Þar kom . eftirfarandi fram.

1. Að einungis verði leyfð veiði á flugu í ánni (maðkveiddum fiski verður vart sleppt).
2. Að kvóti verði minnkaður úr 10 fiskum á stöng á dag í 2 fiska, eða samtals 8 fiskar á dag, miðað við 4 stangir.
3. Að ekki verði leyfð veiði í ánni fyrir formlega opnun 15. júlí.
4. Að bændadögum verði fækkað úr einum degi á viku í einn dag á þriggja vikna fresti og að öllum reglum sem stangaveiðimönnum er gert að fylgja um agn, kvóta, veiðitíma og skráningu á veiddum fiski verði fylgt.
5. Að þeir sem hafa rétt til netaveiði í vatninu, samkvæmt lögum um *Lax- og silungsveiði* fylgi þeim reglum um netaveiðar. Sjá grein 18. *Um veiðitíma göngusilungs*. Auk þess, í ljósi veikrar stöðu bleikjunar á Eyjafjarðarsvæðinu, verði netaveiðum settar reglur um kvóta. Einnig að netaveiði verði takmörkuð á göngutíma bleikjunnar samanber 18, gr. Lax- og silungsveiði.
6. Að einum efsta veiðistað í ánni Hólshyl verði lokað, ásamt svæðinu upp að fossi 1. september.

Stjórnin samdi nýjar tillögur vegna veiði í Fjarðará og Ólafsfjarðarvatni sem sendar voru út með fundarboðinu og verða til umræðu og atkvæðagreiðslu undir önnur mál.

Breyting á nafni félagsins, lögheimili og breyting í stjórn var eftir mikil samskipti og marg endurtekið útfylling eyðublaða við fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra var samþykkt í lok desember.

Að lokum vill stjórnin þakka félagmönnum samstafið á árinu.